


✉ Re: Ósk um umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps

Búið til	24.6.2021 11:34:10
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	24.6.2021 11:34:08
Tilheyrir	 202105-0026 - Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps

Efni

Re: Ósk um umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	24.6.2021 11:34:08	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@dalir.is

Innihald

Góðan daginn.

Tilvísun í mál nr. 202105-0026 og 202105-0027 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Árneshrepps dags. 18. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps og um tillögu að deiliskipulagi í landi Dranga. Um sama mál er að ræða en til stendur að skilgreina frístundabyggð fyrir 14 frístundahús á Dröngum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með aðalskipulagsbreytingunni og deiliskipulagstillögunni og skilar sameiginlegri umsögn um skipulagstillögunnar tvær.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla breytingu á landnotkun á svæðinu þar sem stefnt er að því að reisa allmörg ný hús á jörðinni. Þessu mun fylgja töluverð ásýndarbreyting og aukin umsvif sem geta falið í sér aukna hættu á raski og mengunaróhöppum. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði mátt stíga varfærnari skref t.d. með því að leyfa færri hús til að byrja með þar sem lítið er um mannvirki á svæðinu í dag.

Að því sögðu er áætluð uppbygging ólíkleg til að hafa mikil neikvæð áhrif á náttúru svæðisins. Áætluð frístundabyggð er nálægt bæjarstæði Dranga á svæði sem er nú þegar töluvert mótað af mannvist frá fornu fari.

Vistgerðir á svæðinu eru einkum gras- og mólendisvistgerðir svo sem stinnastaravist, lyngmóavist og fjalldrapamóavist. Stinnastaravist og fjalldrapamóavist eru skilgreindar með miðlungsverndargildii og lyngmóavist með hátt verndargildi. Allar þrjár eru mjög algengar á svæðinu og því áhrif af tilvonandi raski minniháttar.

Mikið fuglalíf er á svæðinu og taka þarf tillit til þess að auknar mannaferðir fylgjandi uppbyggingunni geta haft áhrif á fuglalífið ef ekki er farið varlega. Fuglalíf næst bæjarstæði Dranga er þó aðlagað nábyli við manninn enda löng hefð fyrir t.d. æðarnytjum á jörðinni. Jákvætt er að áætlaðir byggingarreitir séu staðsettir utan kríuvarps.

Fram kemur í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni að gert sé ráð fyrir þessum skipulagsáætlunum í friðlýsingarskilmálum sem verið er að undirbúa fyrir friðlýsingu Drangajarðarinnar. Að sama skapi þurfa uppbyggingaráformin að taka fullt tillit til markmiða og einstakra skilmála friðlýsingarinnar eins og við á.

Ljóst er að þrátt fyrir umfang uppbyggingar er stefnt að því að framkvæmdir spilli sem minnst ásýnd og hafi sem minnst neikvæð áhrif á náttúrufar. Huga þarf sérstaklega að vali á byggingarefni, frágangi rotþróa og vinnslu neysluvatns úr nálægu vatnsboli og forðast óþarfa rask í helstu framkvæmdaliðum. Ef vel heppnast til ætti þessi uppbygging ekki að hafa neikvæð áhrif á náttúru svæðisins að mati Náttúrufræðistofnunar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Pórður Már Sigfússon" <skipulag@dalir.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps

Date: 18.5.2021 14:03:42

Góðan daginn,

Í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með óskað eftir umsögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025.

Aðalskipulagsbreytingin felst í breytingu á greinargerð vegna fjölgunar frístundalóða á hluta jarðarinnar Drangar. Forsendur áætlaðra breytinga eru þær að svæði sem skilgreint er sem frístundabyggð FS6 í aðalskipulagi Árneshrepps heimili uppbyggingu allt að 14 frístundahúsa innan tæplega 10 ha. svæðis við Drangabæinn sjálfan.

Umsögnum og athugasemdum skal vinsamlegast skilað til skrifstofu Árneshrepps, Norðurfirði, 524 Árneshreppi eða á netfang embættis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins, skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is), í síðasta lagi fyrir 29. júní 2021.

Gögn skipulagstillögunnar eru að finna í viðhengi.

Gögnin verða ekki póslögð í bréfpósti. Vinsamlegast staðfestið því móttöku þessa pósts.

Virðingarfyllst,

Þórður Már Sigfússon

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi

Netfang / email: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is)

Viðhengi

image001.png (5 KB)